# Árni Helgason: Bréf og kvæði *Á Landsfundi 1969*

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætisráðherra

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-36, Örk 8

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Stykkishólmi 25. okt. 1969

Kæri vinur.

Mér líkaði Landsfundurinn í alla staði ágætlega. Vonandi kemur eitthvað gott upp úr þessu og væri það dásamlegt þjóðarinnar vegna. Ég hefi nefnilega aldrei skilið að það væri hægt að skifta því milli landins barna sem ekki væri aflað. Ég var mjög ánægður með þín svör á fundinum og met þau. Um margt má sjálfsagt deila eins og gengur og gerist og kanske er það veikasti hlekkur lýðræðis hversu öllum er gefinn kostur á að "gagnrýna" það er nefnil. nokkuð víðtækt orð.
En ekki meira um þetta. Mér datt í hug að senda þér nokkrar vísur sem urðu til seinasta dag þingsins, með því ég veit að þú metur allt gamansamt og kannt að gera að gamni þínu. Eg vona að þú hafir einhverja ánægju af að syngja þær og þá er tilganginum náð, því ég læt lagboða með. Svo óska ég þér og þínum alls hins besta um leið og ég þakka enn á ný tryggð þína og vináttu sem er mér mikils virði.

Með bestu kveðju, þinn vinur

Árni Helgason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á Landsfundi 1969

Lag: Dísa í Dalakofanum.

Landsfundi þeim átjánda er lokið þetta sinn
ég lýk upp mínum gleraugum og skoða statusinn.
Ótal ræður fluttar og á þeim mörgum gat
og er þá nokkur furða þó að vanti resúltat.

Viðlag: Við sjáum hvað setur.
En í kýrhausnum margt undarlegt hér er.

Auðvitað á þessum fundi margt og mikið rætt
þótt megi draga í efa jafnvel hverjir hafi grætt.
Bærilega upptrekkt þetta unga lið á ný
og ekki höfðu ráðherrarnir baun á móti því.

Ályktunin hraðsoðin af heilum flokksins var
hana að signa fjörutíu og fjórum mönnum bar
Engum kom þar saman sem ekki er nema von.
Enda er ég á sama máli og Kristján Gunnarsson

Eitt er sjúrt að fyrir tímann fæddist þarna margt
frumlegt bæði og skemmtilegt en annað gott og þarft
Atkvæðin í salnum voru ekki nógu skær
ýmsir voru sniðugir og réttu upp sínar tvær.

Strandgæslan hér sýnist mörgum sitja í næði og ró
þótt sýni hana pappírarnir úti í grænum sjó.
Jóhann var að sýna okkur og sýndi tímabil
með sjötíu daga í mánuði... en þeir eru ekki til.

Í miðjunni á Hótel Sögu híma samtökin
sem hanna fyrir bændur kúa og rollubúskapinn
Hönnun kúa eftirleiðis A B deild með tveim
svo undanrennuduftið kemur tilbúið úr þeim.

Áfram streymir rigningin um okkar fjöll og dal
og eykur nú og magnar þetta ráðunautakal.
Kanske væri reynandi að reisa aðra höll
fyrst rollurnar í gærupelsum spranga upp um fjöll.

Ekki gleymist kvenþjóðin með fagran ljósan lokk
sem leggur sig í duftið til að vinna þessum flokk.
Hún ~~xxxx~~ sagði skýrt hún Elin... og auga til mín brá?
Ef ekki værum við konurnar... ja, hvað notið þið þá?

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur